

1858.

6. maí.

er farið væri fram í bónarbréfinu, því hafnir á Íslandi, að minnsta kosti fyrir norðan og austan land, væri svo rúmgóðar, að þar mætti liggja fleiri skipum í senn, en nokkru sinni mundi að bera.

Nú með því að dómsmálastjórnin hlýtur að fallast með öllu á þessa skoðun yðra, herra amtmaður, þá biðjum vör yður að svara þeim mönnum á sömu leið, er hér eigu hlut að máli.

6. maí.

9. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins í norður- og austur-umdæminu, um póstgöngur.

Þér hafið, herra amtmaður, í bréfi 26. janúar í vetur skýrt oss frá, að sèra Jón Jónsson, prestur á Víðivöllum, hafi nú sagt sèr af hendi afgreiðslu póstsins, er hann svo lengi hefir með höndum hafða, og að þér hafið fengið í hans stað aptur Ara stúdent Arason á Flugumýri, og beiðizt þér síðan, að Ara verði veittir 6 rd. ár hvert frá nýári 1857, í þóknunar skyni fyrir fyrirhöfn hans á afgreiðslu póstsins og heimting bréfburðareyris.

Þessu svörum vör á þá leið, að dómsmálastjórnin vill eigi, að svo vöxnu máli, vera því mótfallin, að Ari fái 6 rd. þóknun ár hvert, meðan eigi fæst annarr í hans stað; en þess væntum vör, eptir því sem yður farast orð í bréfi yðru, að þér, herra amtmaður, leitizt sem fyrst við að fá annan mann, er sè betur settur, og þá einkanlega prestinn, er nú kemur að Miklabæ, til þess að takast þetta starf á hendur, og það póstsjóðnum að kostnaðarlausu, ef auðið væri.